

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Selfossi, 12. janúar 2026
UOS2511057

Handhafabreyting á starfsleyfi Arctic Smolt ehf. í Norður-Botni Táknafjarðar til Arctic Sea Farm ehf.

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Arctic Smolt ehf., kt. 600212-2570, og Arctic Sea Farm ehf. sem barst stofnuninni þann 6. nóvember 2025. Óskað er eftir því að færa starfsleyfi Arctic Smolt ehf., sem hefur leyfi til landeldis á 2.400 tonnum af laxfiskum að Norður-Botni í Táknafirði, yfir á nýjan rekstraraðila Arctic Sea Farm ehf. Starfsleyfið sem ber leyfisnúmerið UOS-2025-L022-01 var útgi. 21. maí 2025 og er markaður gildistími til 21. maí 2041.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið yfir til Arctic Sea Farm ehf. kt. 700807-0450.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá handhafa starfsleyfis, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri

Kristín Björk Birgisdóttir

Teymi leyfa og umsagna